

Greinargerð um börn, félagslegar þarfir og skólagöngu í kjölfar náttúruhamfara

Greinargerð þessi er unnin að beiðni Grindavíkurbæjar og Almannavarna. Hún felur í sér stutta samantekt á rannsóknum sem nýtast við áframhaldandi stefnumótun um stuðning við grindvískar fjölskyldur og börn og skólagöngu þeirra. Einnig eru dregnar ályktanir af hinu fræðilega lesefni, þar sem það á við og hægt er, miðað við þau gögn sem eru fyrirleggjandi.

Börn, skólar og náttúruhamfarir

Síðustu áratugi hafa rannsóknir og hjálparstofnanir í sífelld auknu mæli beint athygli að hlutverki menntunar og skólafólks í að ná utan um börn og fjölskyldur sem lent hafa í náttúruhamförum. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem verða fyrir áhrifum náttúruhamfara búa við verri andlega og líkamlega heilsu í allt að þrjú ár eftir að hamförunum lýkur.¹ Því er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að bjóða grindvískum börnum sérstakan stuðning, tryggi sem best stöðugleika í lífi þeirra og minnki álag á fjölskyldur þeirra eins og frekast er unnt til lengri tíma. Skipta þar Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (86/2021) miklu en þar er kveðið á um nána samvinnu skóla, félagsþjónustu sveitarfélags, heilbrigðisþjónustu og fleiri þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga. Tryggja þarf að öllum grindvískum börnum standi til boða slík samþætting. Ætla má að flækjustig málefna barna sem stunda nám í safnskóla Grindavíkur og þurfa samþætta þjónustu sé nokkurt, enda hafa þau mögulega lögheimili og/eða aðsetur í öðrum sveitarfélögum heldur en þau stunda nám í. Forgangsattriði ætti að vera að skýra stöðu þessara barna og grípa til viðeigandi aðgerða sé aðgengi þeirra að samþættingu farsældarþjónustu ekki tryggt.

Samantekt rannsókna á áhrifum náttúruhamfara á börn sýnir að eitt af því sem er hvað mikilvægast að yfirvöld hugi að er að koma daglegu lífi barna aftur í sömu horfur og áður en náttúruhamfarirnar dundu yfir, til að mynda hvað varðar skólagöngu.² Langtíma rof eða truflun á skólagöngu eftir hamfarir getur aukið hættu á þunglyndi, kvíða, svefn- og hegðunarerfiðleikum.³ Þá hafa rannsóknir einnig sýnt að starfsfólk skóla spilar lykilatriði í að aðstoða börn og ungmenni við að glíma við afleiðingar náttúruhamfara. Þetta er meðal annars gert með því að skapa öryggi og rúttinu í lífi

¹ Hlökkversdóttir, Heiðrún, Harpa Þorsteinsdóttir, Edda Björk Þórðardóttir, Urdur Njarðvík, Guðrún Pétursdóttir, and Arna Hauksdóttir. (2018). "Long-term health of children following the Eyjafjallajökull volcanic eruption: a prospective cohort study." *European Journal of Psychotraumatology* 9 (sup2):1442601. doi: 10.1080/20008198.2018.1442601.

² Kousky, Carolyn. (2016). "Impacts of Natural Disasters on Children." *The Future of Children* 26 (1):73-92.

³ Paci-Green, A. Varchetta, K. McFarlane, P. Iyer and M. Goyeneche. (2020) Comprehensive school safety policy: A global baseline survey. *International Journal of Disaster Risk Reduction*. Vol. 44 Pages 101399

barnanna.⁴ Þar sem ekki er ljóst hvort og þá hvenær hægt verður að koma daglegu lífi í Grindavík í sömu horfur og var, er nauðsynlegt að færa skólagöngu barnanna í það horf sem kemst sem næst því að vera eðlilegt. Mikilvægt er í því samhengi að skólastarfið sé í föstum skorðum, fari fram samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár hvað varðar inntak og lengd og fari fram í sérhönnuðu skólahúsnæði þar sem börnin hafa tækifæri til útivistar. Þrátt fyrir að kennarar leiki lykilhlutverk við að styðja börn eftir áföll þá hafa rannsóknir sýnt að þeir upplifa töluvert óöryggi í því hlutverki.⁵ Því er mikilvægt að skóla- og frístundastarfsfólk sé undirbúið og frætt um áfallamiðaða starfshætti og sé í stakk búið til að styðja við grindvísk börn næstu misserin í samræmi við opinbera menntastefnu hérlendis. Einnig þarf að hafa í huga að hafi kennarar sjálfir lent í náttúruhamförum og áföllum þeim tengdum getur það haft áhrif á þeirra daglega líf og hversu vel í stakk búnir þeir eru til að mæta margvíslegum áskorunum í starfi.⁶ Mikilvægt er að þeir fái rými og tíma til að hlúa að sér til að þeir nái að veita nemendum þann sálræna stuðning sem þeir þurfa á að halda.

Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar er opinber menntastefna á Íslandi (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í íslensku lagaumhverfi er skóli án aðgreiningar skilgreindur sem „grunnskóli í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi“ (Reglugerð 585/2010). Út frá þessari skilgreiningu má sjá að grunnskóli í heimabyggð eða nærri aðsetri nemenda er mikilvægur þáttur í hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Hugtakið skóli án aðgreiningar á sér margvíslegar hliðar. Þegar kemur að daglegu skólastarfi er mikilvægt að huga að því hvernig hugmynda- og kennslufræði skóla án aðgreiningar fléttast saman þannig að hugtakið sé hvort tveggja í senn leiðarljós og kjölfesta í starfi kennara og annars starfsfólks skóla.

⁴ Lazarus, Philip J, Shane R Jimerson, and Stephen E Brock. (2002). "Natural disasters." *Best practices in school crisis prevention and intervention*:435-450.

Le Brocque, Robyne, Alexandra De Young, Gillian Montague, Steven Pocock, Sonja March, Nikki Triggell, Claire Rabaa, and Justin Kenardy. (2017). "Schools and Natural Disaster Recovery: The Unique and Vital Role That Teachers and Education Professionals Play in Ensuring the Mental Health of Students Following Natural Disasters." *Journal of Psychologists and Counsellors in Schools* 27 (1):1-23. doi: 10.1017/jgc.2016.1

⁵ Sjá tilvísun í Le Brocque R, De Young A, Montague G, et al. (2017) Schools and Natural Disaster Recovery: The Unique and Vital Role That Teachers and Education Professionals Play in Ensuring the Mental Health of Students Following Natural Disasters. *Journal of Psychologists and Counsellors in Schools*. 27(1):1-23. doi:10.1017/jgc.2016.17

⁶ Le Brocque, Robyne, Alexandra De Young, Gillian Montague, Steven Pocock, Sonja March, Nikki Triggell, Claire Rabaa, and Justin Kenardy. (2017). "Schools and Natural Disaster Recovery: The Unique and Vital Role That Teachers and Education Professionals Play in Ensuring the Mental Health of Students Following Natural Disasters." *Journal of Psychologists and Counsellors in Schools* 27 (1):1-23. doi: 10.1017/jgc.2016.1

Í grunninn snýst hugmyndafræði skóla án aðgreiningar um virka þátttöku nemenda, að þeir finni að þeir séu metnir að verðleikum og komi að því að skapa námsumhverfi sem býður upp á jafngild, merkingarbær tækifæri til náms.⁷ Hugmyndafræði skóla án aðgreiningar á sér í raun ekki lokatakmark. Kennslufræði skóla án aðgreiningar er viðvarandi ferli sem snýst um stöðuga leit þeirra sem í skólum starfa til að koma á skipulagi, samstarfi, leiðum og framkvæmd sem gerir þeim kleift að koma til móts við fjölbreytta nemendahópa.⁸ Kennslufræðin snýst enn fremur um að aðlaga kennsluaðferðir og námsefni sem og námsumhverfið til að mæta fjölbreyttum námsþörfum hverju sinni og stuðla að því að sérhver nemandi nái eigin markmiðum. Þessar áherslur sýna að íslenskt skólakerfi er vel í stakk búið til að vinna að inngildinu ólíkra hópa nemenda, meðal annars þeim sem kunna að hafa þurft að flýja heimahaga sína.

Kennarar og fagmennska þeirra gegnir lykilhlutverki í að raungera hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Mikilvægt er að kennarar séu opnir fyrir þeim fjölbreytileika sem í nemendahópnum býr og búi yfir hæfni til að bregðast við óvæntum atvikum á lausnamiðaðan hátt. Kennarar, í samvinnu við annað fagfólk í skólasamfélaginu og foreldra, þurfa að leita leiða til að koma til móts við ólíkan bakgrunn, reynslu og getu nemenda þar sem nemendur upplifa réttlæti, virðingu og tillitsemi og námsframvinda þeirra er höfð að leiðarljósi. Hér reynir á, en samkvæmt grein 40 í lögum um grunnskólamenntun eiga kennarar, ásamt nemendum og foreldrum, lagalegan rétt á stuðningi og samstarfi. Sveitarfélögum er skylt að tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í skólum (Lög um grunnskóla nr. 81/2008). Eins og áður segir eru nýleg lög um samþætta farsældarþjónustu hér lykilatriði þar sem ólíkir aðilar vinna saman að velferð barna.

Félagsstarf og álag á fjölskyldur

Ljóst er að ókeypis, aðgengileg og hágæða grunnenntun er einn af hornsteinum norræns velferðarkerfis þar sem markmiðið er að skapa jöfnuð og jöfn tækifæri. Þetta hefur alla jafna verið gert með hverfissskólum, en hverfissskólar hafa hérlendis verið fyrsti kostur nær allra foreldra.⁹ Skólaganga barna í skóla nærri lögheimili eða aðsetri sínu hefur marga kosti auk þess að styðja við núverandi stefnu

⁷ Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2012). Skóli án aðgreiningar og kennaramenntun. *Tímarit um Menntamál* 9, bls 132-152.

Hafdís Guðjónsdóttir og Edda Óskarsdóttir. (2022). Inclusive education, pedagogy and practice. Í S. Markic og S. Abels, (Eds.), *Science education towards inclusion* (bls. 7–22). Nova Science Publishers

Ólafur Páll Jónsson. (2016). Hvað er skóli og hverjir eru allir? Umhyggja og mannleg reisn í skóla án aðgreiningar. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónson (ritstj.) *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca*, bls. 95-116.

⁸ Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2010). Hvernig látum við þúsund blóm blómstra. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.

⁹ Auðardóttir, Auður Magnús, and Sonja Kosunen. (2020). "Choosing Private Compulsory Schools: A Means for Class Distinctions or Responsible Parenting?" *Research in Comparative and International Education* 15 (2):97-115.

um skóla án aðgreiningar. Barn í hverfisskóla nýtur almennt frelsis við að sækja sér félagsskap utan skóla í sínu nærumhverfi á eigin forsendum, án þess að þurfa aðkomu fullorðinna hvað varðar skipulagningu og akstur. Slíkt er mikilvægt fyrir þroska og sjálfstæði barnsins, en frelsi barna hérlendis til leikja utandyra í sínu nærumhverfi hefur verið talinn mikilvægur kostur fyrir barnafjölskyldur líkt og á annars staðar á Norðurlöndunum.¹⁰ Þannig getur skyldunám nærri heimili fjölskyldunnar stuðlað félagslegri farsæld barna.

Stundi barn skyldunám fjarri heimili sínu eykst álag á barnið og fjölskyldu þess, til að mynda í formi aukins aksturs bæði í skólann en einnig til félaga barnsins sem þá búa ekki í göngufjarlægð frá heimili fjölskyldunnar. Slíkt álag kemur ofan á annað álag sem nú þegar er til staðar á barnafjölskyldur. Rannsóknir hafa sýnt að andleg heilsa foreldra, einkum mæðra, getur liðið fyrir álag sem fylgir skólavinnu og tómstundastarfi barna þeirra.¹¹ Þetta á við um fjölskyldur sem ekki eru að takast á við þær erfiðu aðstæður sem Grindvíkingar eru í, og má ætla að áhrifin séu jafnvel enn neikvæðari í slíkum aðstæðum. Að lokum má nefna að nám í hverfisskóla nálægt heimili fjölskyldunnar getur flýtt fyrir að barnið og fjölskylda þess myndi jákvæð tengsl við þann stað sem þau búa á nú. Rannsóknir hafa sýnt að slík tengsl eru afar mikilvæg fyrir börn sem hafa þurft að flýja heimili sitt og getur gert aðskilnaðinn frá heimahögunum bærilegri en ella. Afar mikilvægt er að þeir skólar sem taka á móti grindvískum börnum séu vel undir það búnir að veita þeim stuðning og styrkja tengsl þeirra við skólafélaga og starfsfólk þar sem slík tengsl eru verndandi gegn neikvæðum sálrænum áhrifum áfallsins.¹²

Skiljanlegt er að grindvísk börn vilji halda tengslum við sína jafnaldra frá Grindavík. Ef safnskólar verða ekki starfræktir næstkomandi haust og ekki verður hægt að snúa aftur til Grindavíkur er mikilvægt að sinna þörf grindvískra barna til að hitta félaga sína frá Grindavík. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem hafa tilfinningalegan stuðning frá jafnöldrum sínum gengur betur að aðlagast lífinu eftir náttúruhamfarir. Félagar eru ekki síst mikilvægir þar sem fjölskyldur hafa oft skertar aðstæður til að sinna slíkum stuðningi vegna erfiðleika foreldra eftir hamfarirnar.¹³ Skipulagður sálrænn stuðningur fyrir börn sem lent hafa í náttúruhamförum gegnir mikilvægu hlutverki við að minnka eða koma í veg fyrir neikvæð sálræn áhrif áfallsins og mætti þar til að mynda læra af viðbrögðum Ástrala við skógareldum

¹⁰ Sahlberg, P. og Doyle, W. (2019). *Let the children play: How more play will save our schools and help children thrive*. Oxford University Press.

¹¹ Auðardóttir, Auður Magnús. (2023). „Finnst ég aldrei standa mig og man ekki neitt“: Samviskubit, kvíði og skömm mæðra og feðra í tengslum við skóla- og tómstundavinnu barna." *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*.

¹² Scannell, L., Cox, R.S., Fletcher, S. and Heykoop, C. (2016), "That was the Last Time I Saw my House": The Importance of Place Attachment among Children and Youth in Disaster Contexts. *Am J Community Psychol*, 58: 158-173. <https://doi.org/10.1002/ajcp.12069>

¹³ Lazarus, Philip J, Shane R Jimerson, and Stephen E Brock. (2002). "Natural disasters." *Best practices in school crisis prevention and intervention*:435-450.

sem hafa ógnað velferð fjölskyldna þar.¹⁴ Rannsóknir hafa einnig sýnt að þau börn sem sýna áfallaeinkenni eftir náttúruhamfarir eru ólíklegri til að leita eftir félagslegum stuðningi og ólíklegri til á álíta félagslegan stuðning standa sér til boða.¹⁵ Því er afar mikilvægt að ná sérstaklega til þeirra hópa grindvískra barna sem sýna hvað mest einkenni áfallastreitu eftir hamfarirnar þegar hugað er að félagslegum stuðningi fyrir hópinn. Í þessum tilvikum er mikilvægt að kennara og starfsfólk skóla og frístundastarfs hafi þekkingu til að festa fingur á hvaða nemendur eru í þessum hópi. Rannsókn sem gerð var á börnum sem urðu fyrir snjóflóðunum á Súðavík og Flateyri árið 1995 sýnir að áfallastreita í kjölfar náttúruhamfara á barnsaldri tengist lægra menntunarstigi, atvinnuleysi og örorku á fullorðinsárum og að félagslegur stuðningur við börn og fjölskyldur þeirra getur dregið úr áfallastreitu.¹⁶

Félagslegan stuðning væri til að mynda hægt að efla með faglegu og áfallamiðuðu frístundastarfi með faglærðu starfsfólki. Slíka félagsmiðstöð gætu öll grindvísk börn stundað, einnig þau sem ekki hafa stundað nám í safnskólanum. Í þess háttar félagsmiðstöð gæfust tækifæri til að rækta víðtækari félagsleg tengsl en unnt hefur verið í safnskólanum. Í félagsstarfinu fengju börnin að rækta sínar grindvísku rætur, hitta börn sem eru í sömu stöðu og þau sjálf og sinna félagslegum þörfum sínum undir handleiðslu fagfólks. Á þann hátt yrði þjónusta við grindvísk börn sem nú stunda nám í sínum hverfisskólum aukin og börnum sem hafa verið í safnskólanum tryggð áframhaldandi og aukin tækifæri til að rækta grindvískan félagsskap.

Auður Magnús Auðardóttir, lektor í uppeldis- og menntunarfræði, Menntavísindaviði, Háskóla Íslands

Karen Rut Gísladóttir, prófessor í læsi og kennslufræði, Menntavísindasviði, Háskóla Íslands

¹⁴ McGill N, Curtin M, Hodgins G, Parnell T, Verdon S, Crockett J, et al. (2024). Supporting children's recovery from bushfires: Stakeholders' views about the impact of a community-based intervention program on children. *Aust J Rural Health*. 32: 42–52. <https://doi.org/10.1111/ajr.13060>

¹⁵ Lai, Betty S., Melissa C. Osborne, Jennifer Piscitello, Shannon Self-Brown, and Mary Lou Kelley. (2018). "The relationship between social support and posttraumatic stress symptoms among youth exposed to a natural disaster." *European Journal of Psychotraumatology* 9 (sup2):1450042. doi: 10.1080/20008198.2018.1450042.

¹⁶ Thordardóttir EB, Valdimarsdóttir UA, Hansdóttir I, Hauksdóttir A, Dyregrov A, Shipherd JC, Elklit A, Resnick H, Gudmundsdóttir B. (2016) Sixteen-year follow-up of childhood avalanche survivors. *Eur J Psychotraumatol*. Aug 16;7:30995. doi: 10.3402/ejpt.v7.30995. PMID: 27534741; PMCID: PMC4989177.